

KYNH2AB05**Kynfræðsla – kynheilbrigði og samfélagið****Þrep:** 2. þrep**Staða áfanga:** Áfangi er valáfangi**Kennsla:** Áfanginn er kenndur á haustönn**Undanfarar:** Enginn undanfari**Stutt lýsing á efni áfangans:**

Áfanginn fjallar um kynheilbrigði í víðum skilningi. Sérstök áhersla er sett á kynheilbrigði unglunga en nemendur læra um kynferðisþroska frá fæðingu og út lífið. Til umfjöllunar í áfanganum er meðal annars kynferðisþroski, frjósemisheilbrigði, kynfærin, smitsjúkdómar og varnir gegn þeim, sjálfsmynd og líkamsímynd, ofbeldismenning, mismunandi kynhegðun, mörk og samþykki, ábyrgð og klám. Í tengslum við öll þessi atriði og fleiri verða ræddir samfélagslegir þættir sem hafa áhrif á okkur sem kynverur, hinsegin veruleiki og kynjakerfið. Í áfanganum gefst nemendum tækifæri á að vinna fjölbreytt verkefni innan kennslustunda og utan og eiga samtali við samnemendur á jafningjagrundvelli.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Kynheilbrigði, frjósemi, kynsjúkdómar, sjálfsmynd, líkamsímynd, kynferðisleg ánægja, kynverund, samskipti, samþykki, mörk, kynjakerfið, kynlífshandritið, klám/klámvæðing, væntingar.

Námsmat:

Dagbók, að fönndra kynfæri, skilgreining á hugtaki, lokaverkefni. Mikil áhersla er lögð á góða mætingu.

Námsefni:

Kennari gefur aðgang að námsefni áfangans.
